

TÁKN1TB02

Búið til: Fri, 19 Sep 2014 12:40:19 GMT

Titill

Táknmál fyrir byrjendur

Skammstöfun

TÁKN1TB02

Útgáfunúmer

2

Námsgrein

táknmál

Viðfangsefni

Táknmál fyrir byrjendur

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Nemendur læra að kynna sig, spyrja og svara einföldum spurningum, gefa einföld fyrirmæli og lýsa fötum og athöfnum. Þeir læra nöfn mánaða og vikudaga, stafrófið, tölurnar frá 1 - 100 og táknforða tengdan klukkunni og litunum.. Þeir læra að tala um nánasta umhverfi sitt og eiga að geta stafað stutt nöfn eftir námskeiðið. Í málfræðihluta námskeiðsins læra nemendur persónu- og spurnarfornöfn, staðfestingarsvipbrigði og frásagnarsvipbrigði, hv-spurningar og já/nei- spurningar, staðsetningar og nokkrar áttbeygðar sagnir. Textar um mál og menningu eru lagðir fram í námskeiðinu þar sem fjallað er um heyrnarleysi, samfélag heyrnarlausra og táknmál.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- táknnum til að kynna sig og spyrja og svara einföldum spurningum
- tölunum 1-100 og stafrófinu
- nöfnum mánaða og vikudaga
- persónu- og spurnarfornöfnum
- staðfestingar- og frásagnarsvipbrigðum
- hv-spurningum
- já/nei spurningum
- samfélagi heyrnarlausra
- tónlist og táknmáli

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tala um nánasta umhverfi sitt
- stafa einföld nöfn
- kynna sig
- spyrja og svara einföldum spurningum
- lýsa fötum og athöfnum

- túlka einfalt lag á táknmáli

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- stafa einföld nöfn
- spyrja og svara einföldum spurningum
- kynna sig og nánasta umhverfi sitt
- beita persónu- og spurnarfornöfnum
- þekkja staðfestingar- og frásagnarsvipbrigði
- þekkja og beita hv-spurningum
- túlka einfalt lag á táknmáli

Námsmat

Áfanginn er að mestu verklegur, nemendur þurfa að uppfylla mætingarskilyrði hans og taka virkan þátt í honum.

Skólar

Fyrirmynd